



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

# Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands 2007



**Texti:**

Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór Walter Stefánsson og Rán Þórarinsdóttir

**Ljósmyndir:**

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Hlutverk.....	1
Starfsstöðvar .....	1
Stjórn.....	2
Störf stjórnar .....	2
Starfsfólk .....	2
Verkefni .....	4
Hreindýrarannsóknir og vöktun .....	4
Vöktun stofnsins .....	4
Veiðikvóti.....	6
Umhverfisstofnun, Hreindýraráð og ráðuneyti .....	6
Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun .....	6
Erlent samstarf .....	6
Aukin og bætt vöktun með staðsetningartækjum.....	6
Fuglarannsóknir .....	7
Gróðurannsóknir .....	7
Umhverfismál sveitarfélaga .....	9
Friðlýst svæði .....	9
Fólkvangur Norðfjarðar.....	9
Hólmanes, fólkvangur og friðland.....	9
Fræðslustarfsemi .....	9
Náttúrugripasafnið .....	9
Blómadagur .....	10
Fugladagurinn .....	11
Skólar .....	11
Heimasíða.....	11
Bókasafn .....	11
Fræðsluerindi Samtaka náttúrustofa (SNS) .....	11
Verkefni sem stöðugt er unnið að.....	12
Samstarf við aðrar stofnanir .....	12
Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.....	12
Aðrar náttúrustofur .....	12
Búland .....	13
Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar.....	13
Þakkarorð .....	13
Skýrslur og fræðsluefni .....	14

## Inngangur

Starfsemi Náttúrustofunnar var með svipuðu móti 2007 og undanfarin ár. Ný verkefni bætast við hjá stofunni og hefur þeim verið að fjölga ár frá ári.

Á árinu 2007 voru mannaskipti í forstöðumannsstarfi stofunnar. Guðrún Áslaug Jónsdóttir sem verið hafði forstöðumaður stofunnar í 12 ár lét af störfum. Við tók Davíð Gíslason og var hann þar til í september 2007 en þá lét hann af störfum.

Náttúrustofu Austurlands er eins og öðrum slíkum stofum ætlað mjög fjölbreytilegt og viðamiklegt hlutverk. Náttúrustofan tekur nú þegar að sér margvísleg verkefni sem flest stuðla að því að byggja upp sérþekkingu á náttúru Austurlands og efla þannig grundvöll starfseminnar til frambúðar. Umhverfsvöktun vegna stóriðjuframkvæmda hefur einnig verið stór þáttur í starfsemi stofunnar síðastliðin ár.

Hér fer á eftir yfirlit yfir helstu þætti starfsemi Náttúrustofu Austurlands árið 2007. Ársreikningur Náttúrustofu Austurlands er birtur í sérstakri skýrslu.

## Hlutverk

Helstu hlutverk Náttúrustofunnar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (60/1992) með síðari breytingum eru:

- að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf,
- að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um náttúruvöktun að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.



Lyngbúi

Ennfremur er hlutverk Náttúrustofu Austurlands skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994) að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum.

## Starfsstöðvar

Eins og undanfarin ár er Náttúrustofa Austurlands með höfuðstöðvar í Neskaupstað en tvö útibú eru á Egilsstöðum. Forstöðumaður er í Neskaupstað og þar er rannsóknastofa og bókasafn stofunnar. Í Neskaupstað er Náttúrustofan í fræðasetrinu

Búland, sem er sambýli Matís, Verkmenntaskóla Austurlands, Fiskistofu og Þekkingarnets Austurlands. Útibúin á Egilsstöðum eru með aðstöðu hjá Skógrækt ríkisins og Þekkingarsetrinu á Egilsstöðum ehf.

Starfsemin á Egilsstöðum snýst fyrst og fremst um hreindýr en einnig er unnið að fuglarannsóknum og fræðsluverkefnum. Í Neskaupstað er unnið að margvíslegum verkefnum svo sem gróðurannsóknum, fuglarannsóknum, kortagerð, umhverfissvöktun við álverið í Reyðarfirði, verkefnum tengdum Staðardagskrá 21, fræðsluverkefnum, umsjón Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað, fólkvöngum í Fjarðabyggð o.fl.

## Stjórn

Samkvæmt lögum skal rekstrarsveitarfélag skipa þriggja manna stjórn náttúrustofunnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Núverandi stjórn var skipuð sumarið 2002 af Fjarðabyggð og í henni sitja: Líneik Anna Sævarsdóttir formaður, Einar Már Sigurðarson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Varamenn eru Einar Þórarinnsson, Hákon Viðarsson og Böðvar Þórisson.

## Störf stjórnar

Á árinu 2007 voru haldnir 10 stjórnarfundir. Fundargerðir voru lagðar fram jafn óðum á fundum bæjarstjórnar Fjarðabyggðar eins og verið hefur frá upphafi. Helstu mál sem fjallað var um árið 2007 voru:

- Umsókn um stöðu forstöðumanns
- Aðild Fljótsdalshéraðs að Náttúrustofu Austurlands
- Ársreikningur
- Starfsemi
- Húsnæðismál

Milli stjórnarfunda ber forstöðumaður gjarnan álitamál undir formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir atvikum og fær hjá þeim upplýsingar og ráðgjöf.

## Starfsfólk

Árið 2007 voru 8 starfsmenn að störfum í mismunandi starfshlutföllum, auk sumarstarfsmanna og tímabundinna aðstoðarmanna. Þrátt fyrir að nokkur sérhæfing sé meðal starfsmanna, og að þeir beri ábyrgð á mismunandi þáttum starfseminnar, ganga eftir þörfum allir í þau verk sem vinna þarf hverju sinni. Starfsfólk Náttúrustofu Austurlands árið 2007 voru:

*Guðrún Á. Jónsdóttir* gróðurvistfræðingur og forstöðumaður stofunnar. Guðrún var í fullu starfi þar til hún lét af störfum 1. apríl 2007. Guðrún sá um daglegan rekstur, fjármálastjórn, starfsmannamál, áætlanagerð, verksamninga og gróðurannsóknir.

*Davíð Gíslason* dýrafræðingur tók við starfi forstöðumanns 1. apríl 2007 og sinnti því þar til hann lét af störfum í september.

*Kristín Ágústsdóttir* landfræðingur. Kristín var í um 90% starfi þar til hún fór í fæðingarorlof í nóvember. Helstu verkefni Kristínar voru gróðurkortagerð, verkefnisstjórn vegna rannsókna og vöktunar við álverið í Reyðarfirði o.fl.

*Erlín Emma Jóhannsdóttir* líffræðingur. Erlín var í fæðingarorlofi til 1.júlí en í fullu starfi eftir það. Helstu verkefni hennar voru vinna við gróðurrannsóknir, rannsóknir vegna vöktunar við álver í Reyðarfirði og verkefni á sviði vatnalíffræði.

*Rán Þórarinsdóttir* líffræðingur. Rán var í 50% starfi megnið af árinu. Megin verkefni hennar voru vöktun og rannsóknir á hreindýrum. Þar með talið áætlanagerð, samskipti við stofnanir og einstaklinga sem tengjast hreindýrum.

*Halldór Walter Stefánsson* fuglaáhugamaður. Halldór Walter var í um 50 % starfi árið 2007. Hann vann einkum að fuglarannsóknnum víða á Héraði. Ýmist að samstarfsverkefnum sem stýrt er af Náttúrufræðistofnun Íslands eða verkefnum á vegum Náttúrustofunnar sjálfar.

*Skarphéðinn G. Þórisson* líffræðingur var í fullu starfi árið 2007 en var í launalausum leyfi í mánuð í sumarbyrjun. Helstu verkefni hans eins og fyrri ár voru vöktun og rannsóknir á hreindýrum.

*Gerður Guðmundsdóttir* plöntuvistfræðingur. Gerður var í 90% starfi allt árið og voru megin verkefni hennar ýmsar gróðurrannsóknir auk rannsókna vegna vöktunar álvers í Reyðarfirði.

*Áslaug Lárusdóttir* skrifstofustjóri. Hún var í fæðingarorlofi þar til í september en þá kom hún til starfa aftur og var í 50% starfi. Hún sér um ýmislegt sem tengist rekstri stofunnar, gagnainnslátt, bókasafnsmál, heimasíðu og tölvumál.

*Hrafnhildur Ósk Unnarsdóttir* líffræðingur starfaði á Náttúrustofunni á tímabilinu júní til september 2007. Megin verkefni hennar voru sýnasöfnun vegna umherfísvöktunar álversins í Reyðarfirði, tjarnagerð við álverið í Reyðarfirði, gagnainnsláttur og gerð fræðslutexta fyrir Náttúrugripasafnið.

*Berit Christiansen* líffræðingur starfaði á Náttúrustofunni á tímabilinu júlí til september 2007 og var megin verkefni hennar eins og Hrafnhildar sýnasöfnun vegna umhverfísvöktunar álversins í Reyðarfirði. Einnig tók hún þátt í gerð tjarna við álverið í Reyðarfirði.

Fleiri lögðu fram vinnu í þágu verkefna Náttúrustofunnar á árinu og má þar nefna *Reimar Ásgeirsson* sem tók þátt í mörgum vettvangsferðum vegna hreindýrarannsókna. Bókhald og endurskoðun Náttúrustofunnar var að venju unnið af starfsmönnum Deloitte & Touche. Það eru *Ína D. Gísladóttir* og *Þuríður Jónsdóttir* sem hafa haft af því mestan veg og vanda.

## Verkefni

### Hreindýrarannsóknir og vöktun

Verkefnum vegna hreindýra má skipta í eftirfarandi:

- vöktun stofnsins
  - dreifing/hagaganga á öllum árstímum
  - vetrartalning í mars
  - frjósemi og dánartíðni í apríl
  - burðarathugun í maí
  - sumartalning í júlí
  - aldurs- og kynjasamsetning á fengitíma
- mat á ágangi hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi
- gerð tillagna um veiðikvóta, ágangssvæði og skynsamlegan framgang veiðanna.
- fræðslu og söfnun heimilda um hreindýr á Íslandi
- alþjóðlegt samstarf við rannsóknir og vöktun

#### *Vöktun stofnsins*

##### **Dreifing hreindýra á öllum árstímum**

Upplýsingar um fjölda og dreifingu hreindýra á öllum árstímum er ein meginforsenda fyrir ráðgjöf um veiðipól og aðal forsenda arðsúthlutunar. Náttúrustofan skipuleggur tvær aðaltalningar á ári, vetrartalningu í mars á öllu Austurlandi og talningu í júlíbyrjun á Snæfellsöræfum. Í árum þar sem vetrartalning er ekki framkvæmanleg vegna veðurfars og færðar er reynt að auka áherslu á aðrar talningar.

Auk talninga er stöðug skráning í

gangi allt árið á ferðum og dreifingu hreindýra í samvinnu við heimamenn.


Útbreiðslusvæði hreindýra á Austurlandi er skipt upp í níu veiðisvæði (sjá mynd bls 5)



Hreinkýr með kálfa

Ekki var talið veturinn 2007 vegna óhagstæðra snjóalaga.

Í sumartalningu á Snæfellsöræfum 2007 fundust 2800 dýr og voru þau flest á Fljótsdalsheiði. Hluti tarfa sem vanalega ganga á Snæfellsöræfum í júlí hélt sig á Jökuldalsheiði þar sem fundust 355 dýr. Hreindýrunum fjölgaði á milli ára á svæðum 1 og 2.



Skipting veiðisvæða

## Aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi og dánartíðni

Einungis er hægt að sjá alders- og kynjahlutfall í hreindýrastofninum á fengitíma. Austurlandi er skipt niður í níu veiðisvæði (mynd bls 5) og er nauðsynlegt að skoða kynjahlutfallið á sem flestum svæðum. Niðurstöður þessara athugana eru forsendur úthlutunar veiðikvóta með tilliti til kyns. Stefnt er að því að hlutfallið sé svipað og gerist í stofnum sem ekki er veitt úr eða um 50% kýr, 30% tarfar og 20% kálfar að hausti.

Árið 2007 voru 2232 dýr alders- og kyngreind á svæðum 1 til 5 og 8 og 9. Talningarnar gáfu góða mynd af dreifingu dýranna á þessum árstíma.

Í apríl er hægt að meta hlutfall kelfdra kúa í stofninum með því að telja fjölda kúa sem ennþá er hyrndur. Þessar

talningar veita upplýsingar um frjósemi í stofninum. Þar sem hún getur verið breytileg eftir svæðum er æskilegt að telja sem víðast.

Vorið 2007 voru 416 kýr skoðaðar á svæði 2, þ.a. voru 56 kollóttar og var frjósemishlutfallið því um 90%.

Hlutfall kálfa í stofninum er athugað á öllum árstímum. Niðurstöður segja til um nýliðun og dánartíðni. Burður hreinkúa var kannaður á Snæfellsöræfum í maí 2007. Reynt er að kortleggja hvar kýrnar bera og á hvaða tíma. Einnig er reynt að halda utan um aðra þætti svo sem veðurfar og árferði.

Náttúruleg dánartíðni hefur verið lítil í stofninum síðustu árin, helst að tarfar finnast dauðir eftir atgang á fengitíma. Því miður hefur aukist mjög að hreindýr verði fyrir bílum en Náttúrustofan hefur verið í samstarfi við Vegagerðina við að reyna að draga úr þeim. Árið 2007 voru bókfærð 30 hreindýr sem lent hafa fyrir bílum en 13 hreindýr drápu í einum árekstri á Kárahnjúkavegi í desember 2007.

## Upplýsingum safnað úr veiðinni

Nauðsynlegt er að safna upplýsingum úr veiðinni til að fylgjast með líkamlegu ástandi hreindýranna, einkum nú er ýmsar athafnir manna þrengja að dýrunum. Veiðimenn skila inn upplýsingum sem Náttúrustofan vinnur úr. Einnig skila þeir inn kjálkum sem nýtast m.a. við aldersgreiningu.



## *Veidikvóti*

Náttúrustofa Austurlands vinnur tillögur að veiðikvóta fyrir Hreindýraráð. Kvótinn er gefinn út í desember fyrir veiðitímabil næsta árs. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 1137 árið 2007. Er það í samræmi við áætlaða fjöglun sem orðið hefur í stofninum á síðustu árum. Kvótinn miðast við að draga úr fjölgun dýranna og fækka þeim á Fljótsdalsheiði.

## *Umhverfisstofnun, Hreindýraráð og ráðuneyti*

Umhverfisstofnun sér um allt er lýtur að nýtingu hreindýranna. Náttúrustofan er í góðu samstarfi við Jóhann G. Gunnarsson sem fer með þessi mál fyrir Umhverfisstofnun.

Fulltrúi Náttúrustofu Austurlands situr fundi Hreindýraráðs. Umhverfisstofnun skiptir arði af hreindýraveiðum á milli landeigenda og ábúenda á Austurlandi. Arðskiptingin fer að stórum hluta (60%) eftir ágangi hreindýra og er það hlutverk Náttúrustofunnar að meta hann.

## *Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun*

Enn á eftir að vinna úr ýmsum upplýsingum sem safnast hafa um hreindýrastofninn, einkum síðustu 30 árin. Stöðugt er unnið að því að safna saman og koma fyrir á aðgengilegan máta öllu sem skrifað er og hefur verið skrifað um hreindýr á Íslandi. Árið 2007 var unnið að stöðuskýrslu um hreindýrin á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar byggt á vöktun og rannsóknum árin 2002 til 2007.

## *Erlent samstarf*

Reynt er að fylgjast með niðurstöðum hreindýrarannsókna annars staðar á norðurlhveli. Æskilegt væri að efla samstarf og samskipti Náttúrustofu Austurlands við erlenda hreindýrasérfræðinga ekki síst við Norræna hreindýraráðið (Nordisk organ for reinforskning). Haustið 2007 urðu Íslendingar aðilar að alþjóðlegu starfi sem nefnist CircumArctic Rangifer Monitoring & Assessment Network (CARMA). Markmið þess er að vakta og meta áhrif hnattrænna breytinga á samspil manna og hreindýra á norðurlhvara með þverfaglegu samstarfi. Valdar voru samanburðarhjarðir sem víðast á norðurlhvara og m.a. unnið að samræmingu aðferða við vöktun. Starfið byrjaði haustið 2004 og hafa samstarfsaðilar fundað í Vancouver í Kanada í nóvember á hverju ári síðan. Íslandi þáði boð um þátttöku haustið 2007 og þar voru íslensku, norsku og grænlenku hreindýrin tekin inn í hóp samanburðarhjarða. Samstarfið lofar góðu og er búist við að það gagnist vel í framtíðinni.

## *Aukin og bætt vöktun með staðsetningartækjum*

Árið 2007 hófst samstarf Náttúrustofu og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um vöktun með hjálp staðsetningartækja sem hengd eru um háls hreinkúa eða sauðfjár. Sameiginlegur styrkur fékst úr tækjasjóði RANNÍS. Keypt voru 15 tæki frá Televilt í Svíþjóð og stefnt er að hengja þau á hreinkýr seinni hluta vetrar 2008. Reiknað er með

að með tækjunum takist að staðsetja dýrin á þriggja tíma fresti í rúm tvö ár og er hér um að ræða algjöra byltingu í upplýsingaöflun um hagagöngu og ferðir hreindýranna.

## Fuglarannsóknir

Náttúrustofan tók að sér umhverfismat vegna ýmissa framkvæmda sem lutu m.a. að fuglum. Fuglar voru athugaðir á vegarstæðum inn í Norðfjarðardal, Fannardal og á Eskifirði tengt fyrirhuguðum Norðfjarðargöngum sumarið 2007. Einnig var gerð úttekt á fuglalífi við Hverfisfljót í ágúst 2007 fyrir Íslenska Orkuvirkjun vegna fyrirhugaðrar virkjunar í fljótinu. Enn fremur aðstoðuðu starfsmenn Náttúrustofunnar breska vísindamenn á vegum WWT við álfamerkingar sumarið 2007.



Unnið er að vöktun fugla á Héraði í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Þetta er verkefni sem unnið er af Náttúrufræðistofnun Íslands með aðstoð Náttúrustofu Austurlands. Meðal helstu verkefna sem snúa að fuglum á áhrifafsvæði Kárahnjúkavirkjunar og Náttúrustofa Austurlands kom að voru eftirfarandi:

Kafendur voru taldar á Lagarfljóti á völdum stöðum þar sem lögð var áhersla á hávellu.



Heiðagæsavarp var skoðað sérstaklega við Háslón að beiðni Landsvirkjunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands til athugunar á afdrifum hreiðra fyrsta ár vatnssöfnunar í Háslóni. Tekin var staðsetning hreiðra með GPS-tæki. Þannig má sjá hversu mörg hreiður lenda undir vatni í kjölfar hækkandi vatnshæðar.

Skúmar voru taldir á Úthéraði og varpdreifing þeirra kortlögð líkt og áður hefur verið gert.

## Gróðurannsóknir

Rannsóknir á gróðurfari og gróðurkortlagning var eitt af megin viðfangsefnum Náttúrustofu Austurlands eins og undanfarin ár. Hefur þar bæði verið um almenna gagnasöfnun að ræða en einkum þjónustuverkefni fyrir ýmsa aðila. Árið 2007 var unnið að nokkrum verkefnum á þessu sviði. Auk þess hefur færst í aukana að framkvæmdaraðilar vilji láta meta verndargildi landslagsheilda og hefur stofan tekið það að sér samhliða gróðurannsóknunum.



Rannsóknarfólk að setja út gróðurreiti á Vesturöræfum

Sumarið 2007 var gerð úttekt fyrir Vegagerðina á gróðurfari og verndargildi á mögulegum vegarstæðum inn í Norðfjarðardal, Fannardal og á Eskifirði vegna fyrirhugaðra jarðgangnagerðar milli Norðfjarðar og Eskifjarðar.

Einnig var gróðurfari kannað í ágúst við Hverfisfljót fyrir Íslenska Orkuvirkjun vegna fyrirhugaðrar virkjunar í fljótinu.

Farið var í ferð til Húsavíkur að beiðni Náttúrustofu Norðausturlands og tekið út gróðurfari á svokölluðum Skógargerðismel þar sem fyrirhugað er að reisa íbúðabyggð samkvæmt nýju aðalskipulagi Húsavíkurbæjar fyrir árin 2005-2025. Einnig var gerð úttekt, að beiðni HRV fyrir hönd Alcoa, á gróðurfari á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vegna álvers við Bakka, um 3 km norður af Húsavík.

Grunnrannsóknir á gróðri á Vesturöræfum fóru fram sumarið 2007. Markmið rannsóknarinnar er að vakta mögulegar breytingar á gróðri sem kunna að verða á Vesturöræfum og svæðinu umhverfis Háslón í kjölfar myndunar þess. Til þess eru notaðar gervitunglamyndir sem gefa gott heildaryfirlit yfir gróður svæðisins og geta jafnframt nýst til að meta hvort gróðurbreytingar sem kunna að verða megi rekja til lönsins eða annarra þátta í umhverfinu. Í framtíðinni er áætlað að hafa Kringilsárrana með í þessu vöktunar verkefni en þar voru settir upp reitir sumarið 2006.

### **Tjarnir við álverið í Reyðarfirði**

Útbúnar voru tjarnir við álverið í Reyðarfirði, þær voru fylltar af vatni og ýmsum votlendis- og tjarnargróðri plantað í þær. Hins vegar hélst þeim illa á vatni og erfitt að planta votlendis gróðri í þær. Því var ákveðið að hætta við verkið, eða bíða a.m.k. þar til stöðug vatnsstaða næðist.

### **Vöktun umhverfisþátta í Reyðarfirði**

Haustið 2004 gerði Náttúrustofan samning við Bechtel til 5 ára um vöktun gróðurs í Reyðarfirði. Verkefnið er unnið með ráðgjöf frá prófessor Alan Davison frá School of Biology við Newcastle Háskóla á Englandi og Leonard H. Weinstein frá Boyce Thompson Institute for Plant Research við Cornell Háskóla í Ithaca í Bandaríkjunum.

Vöktun gróðurs og annarra umhverfisþátta í Reyðarfirði var haldið áfram árið 2007. Vatni var safnað á þriggja mánaða fresti og snjó var safnað tvisvar sinnum yfir árið ný föllnum snjó og svo gömlum snjó. Farið var hálfsmánaðarlega frá júní til ágúst og safnað sýnum af grasi og rabbabara. Allar 30 gróðurstöðvarnar voru heimsóttar og bláberjalaufum, mosa og fléttum safnað á hverjum stað. Einnig var farið um haustið og safnað sýnum af barrtrjám og lauftrjám auk grænmetis. Fylgst er með tegundum á



válista í Reyðarfirði en þær eru þyrnirós, stóriburkni, aronsvöndur, giljaflækja og fuglaerta

Líkt og fyrri ár var lagt sjónrænt mat á ástand gróðurs í gróðurreitunum og einnig í bænum í Reyðarfirði. Alan Davison og Leonard Weinstein komu til að aðstoða við að meta ástand gróðurs í bænum. Myndir af 50 fléttureitum voru teknar líkt og fyrri ár.

## Umhverfismál sveitarfélaga

Frá vorinu 1999 hefur Náttúrustofa Austurlands unnið að verkefnum tengdum Staðardagskrá 21 fyrir Fjarðabyggð. Náttúrustofan hefur m.a. það hlutverk að sjá nefnd um Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð fyrir starfsmanni í um 5% starfi sem útfærir og sinnir verkum í samræmi við óskir nefndarinnar.

## Friðlýst svæði

### *Fólkvangur Norðfjarðar*

Náttúrustofan hefur fyrir hönd Fjarðabyggðar séð um eftirlit og gert tillögur um úrbætur í Fólkvangi Neskaupstaðar. Skipt var út fræðsluskiltum sem voru orðin upplituð og ónýtt. Einnig voru handriði og upphafsskilti fúavarin og sett var hálkuvörn á göngupalla.

### *Hólmanes, fólkvangur og friðland*

Farið var í leiðangur út í Hólmanes og skilti endurnýjuð, en sum þeirra voru orðin upplituð eða skemmd.

## Fræðslustarfsemi

### *Náttúrugripasafnið*

#### **Starfsemi og rekstur**

Náttúrustofa Austurlands sér um sýningar og viðhald safngripa í Náttúrugripasafninu skv. samningi við Fjarðabyggð sem á og rekur safnið.

Árið 2007 var Náttúrugripasafnið í Neskaupstað opnað á nýjum stað á efstu hæð í Safnahúsinu í Neskaupstað á sjómannadaginn. Safnið var áður til húsa í Sigmundarhúsi á Miðstræti 1. Safnið er mjög glæsilegt en þar ber þó sérstaklega að nefna náttúrulega uppstillingu dýra í landslagi sem nær eftir endilöngu húsinu. Uppstillingin gefur safninu mikið líf. Einnig er þar að finna sjávardýraherbergi en þar er m.a að finna seli, fiska, krabba o.fl. Steinasafn skipar einnig veglegan sess í safninu en þar er að finna margar steintegundir. Því er skipt í annarsvegar tegundasafn og hins vegar skrautsýningu með

slípuðum eintökum af jaspis, ópal, bergkristöllum o.fl. steinum. Steinarnir á safninu koma frá Jóhanni Sigmundssyni og Óskari Ágústssyni en einnig eru eintök frá fleiri aðilum.

Listakonan og leikmyndahönnuðurinn Unnur Sveinsdóttir sem hefur í langan tíma unnið að þessu verki sem ber vott um mikla hæfileika hennar. Unnur sá einnig um aðrar uppstillingar og skipulagningu Náttúrgripasafnsins ásamt starfsmönnum Náttúrustofu þeim Erlín Emmu Jóhannsdóttur og Kristínu Ágústsdóttur. Hönnun á merkingum og upplýsingartextum safnsins var unnin af Þórhildi Laufeyju Sigurðardóttur.



Fuglabjarg á Náttúrgripasafninu



Sjávardýraherbergi

sem kom og lagaði nokkra fugla fyrir safnið.

Það var félag eldri borgara í Neskaupstað sem tók á móti gestum í safninu og var það opið daglega frá 1.júní -31.ágúst kl. 13:00- 17:00.

### Sýningar og safngripir

Náttúrgripasafnið fékk styrk úr safnasjóði árið 2007 til að laga uppstoppaða fugla sem margir hverjir voru orðnir lélegir. Það var uppstopparinn Sveinbjörn Sigurðsson

Safnið fékk einnig 500.000 kr styrk úr afmælistjóði Síldarvinnslunnar en hann á að fara í hljóðkerfi í landslaginu.

### Húsnæði

Safnið er til húsa að Egilsbraut 2 ásamt málverkasafni Tryggva Ólafssonar og sjóminja- og smiðjumunasafni Jósafats Hinrikssonar.

### Blómadagur

Dagur hinna villtu blóma var haldinn á öllum Norðurlöndunum sunnudaginn 17. júní 2007. Þá gafst fólki víðs vegar um landið kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt og fá leiðsögn um algengustu plöntur sem þar vaxa. Í Neskaupstað var gönguferð um fólkvanginn. Það voru Erlín Emma Jóhannsdóttir og Gerður Guðmundsdóttir starfsmenn Náttúrustofu Austurlands sem voru með leiðsögn um svæðið. Níu manns mættu í gönguferðina og var veður gott, en nokkuð svalt.



## *Fugladagurinn*



Hinn árlegi fugladagur Ferðafélags fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn þann 5. maí 2007 á leirunum í Norðfirði og Reyðarfirði. Á leirunum í Norðfirði fræddu þau Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir viðstadda um fuglalífið og þrátt fyrir nokkurn kulda mættu um 12 áhugasamra fuglaskoðara við leiruna. Á leirunum við Reyðarfjörð var fræðslan undir öruggri leiðsögn Halldórs W. Stefánssonar en

heldur fleiri fuglaskoðarar mættu þar, eða 22, enda Halldór ástsæll meðal fuglaskoðara á Reyðarfirði.

## *Skólar*

Árlega kemur 10. bekkur Nesskóla í starfskynningu á Náttúrustofuna og vinnur að margvíslegum verkefnum. Nemendur fræðast um starfsemi stofunnar og fá að taka þátt í hinum ýmsu verkefnum. Nemendur Verkmenntaskóla Austurlands leita einnig talsvert til stofunnar vegna ýmiss konar verkefna.

## *Heimasíða*

Heimasíða Náttúrustofu Austurlands ([www.na.is](http://www.na.is)) hélt áfram göngu sinni á árinu 2007. Fréttahornið var nokkuð líflegt og voru settar inn fréttir reglulega. Nú er hægt að nálgast nær allar skýrslur Náttúrustofunnar á vefnum. Áslaug Lárusdóttir sá um heimasíðugerð.

## *Bókasafn*

Náttúrustofu Austurlands gafst kostur á því að taka þátt í að byggja upp Rannsóknarbókasafn Austurlands sem er stjórnað af Þekkingarneti Austurlands. Laufey Eiríksdóttir heldur utan um verkefnið fyrir Þekkingarnetið en Áslaug Lárusdóttir fyrir Náttúrustofuna. Bókasafn Þekkingarnets Austurlands samanstendur af safnkosti þeirra stofnana sem það byggja og blandast þar saman mismunandi fræðigreinar. Náttúrustofa Austurlands verður með tvær safndeildir, aðra í Neskaupstað og hina á Egilsstöðum. Vonir standa til að um mitt ár 2008 verði búið að skrá inn safnkost stofunnar.

## *Fræðsluerindi Samtaka náttúrustofa (SNS)*

Á ársþingi náttúrustofa sem haldið var í Skagafirði 2006 var ákveðið að hrinda af stað fræðsluerindum Samtaka náttúrustofa (SNS). Stofurnar skiptast á um að halda fræðsluerindi síðasta fimmtudag í hverjum mánuði yfir vetrartímamann. Fyrsti fyrirlesturinn var haldinn í janúar 2007 og var það Náttúrustofa Reykjaness sem reið á vaðið.

## Verkefni sem stöðugt er unnið að

Söfnun heimilda og gagna um náttúru Austurlands er verkefni sem stöðugt er unnið að. Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með skordýr, steina, plöntur eða aðra náttúrugripa á Náttúrustofuna. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum og lætur einskis ófreistað til að greiða úr þeim. Náttúrugripir sem starfsfólk getur ekki greint eru sendir til annarra sérfræðinga. Þeir sem koma með gripa geta að sjálfsgöðu fengið þá aftur þegar þeir hafa verið greindir en annars tekur Náttúrustofan fúslega við a.m.k. því sem á einhvern hátt telst sérstætt fyrir Austurland.

Náttúrustofan sinnir einnig ýmiskonar ráðgjöf til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Þetta er í ýmsu formi t.d. óformleg símtöl, viðræður, minnisblöð eða jafnvel lengri álitsgerðir. Einnig er oft leitað eftir umsögnum um frumvörp, þingsályktunartillögur eða mál sem til umfjöllunar eru hjá ýmsum stofnunum.

## Samstarf við aðrar stofnanir

### Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur starfa samkvæmt sömu lögum og skal m.a. boða forstöðumenn náttúrustofa til ársfundar Náttúrufræðistofnunar til að greina frá niðurstöðum rannsókna og samræma starfsemina. Slíkur fundur var haldinn í Reykjavík í október 2007. Náttúrustofa Austurlands leitar oft til sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands með ýmsar fyrirspurnir, greiningar náttúrugripa og ráðgjöf af ýmsu tagi.

Mikið og virkt samstarf er við veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar vegna hreindýraverkefna.

### Aðrar náttúrustofur

Alls hafa sjö náttúrustofur tekið til starfa víðs vegar um landið. Samstarf þessara stofa hefur verið að þróast smám saman eftir því sem fleiri hafa bæst í hópinn og starfsemi þeirra eflst. Vorið 2002 var ákveðið að stofna til formlegs samstarfs náttúrustofa og var stofnfundur haldinn. Markmið samtakanna er að vera vettvangur faglegs samstarfs um rannsóknir, auka tengsl náttúrustofa við innlendir og erlendir fagstofnanir og skiptast á skoðunum.



Náttúrustofuþing var haldið að þessu sinni á Vestfjörðum þann 21. nóvember. Þetta er þriðja þingið sem er haldið í tegnslum við ársfund félagsins. Undirritaðir voru samstarfssamningar milli Samtaka náttúrustofa og Veiðimálastofnunar og Náttúrufræðistofu Kópavogs um samstarf í rannsóknum á náttúrufari landsins.

## Búland

Þegar Náttúrustofan og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fluttu í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands vorið 1999 varð til vísir að fræðasetri sem hefur síðan verið að þróast. Árið 2003 var ákveðið að nefna þetta fræðasetur Búland. Nokkrir fagnaðir voru haldnir á vegum Búlands 2007, m.a var haldinn vorfagnaður inn á golfvelli á Norðfirði í maí. Jólahlaðborð var síðan haldið á Rauða Torginu á Norðfirði.

## Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar

Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar leitar áhlits Náttúrustofunnar á ýmsum álitamálum og formaður nefndarinnar hefur fundað með starfsfólki Náttúrustofunnar nokkrum sinnum á árinu til að fara yfir ýmis mál. Helstu málefni til umfjöllunar voru fólkvangar, friðlýsing Gerpissvæðisins og ýmis umhverfis- og náttúruverndarmál sem tengjast framkvæmdum. Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar hélt málþing í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði í tengslum við friðlýsingu Gerpissvæðisins og var Náttúrustofan með fyrirlestur um gróðurfar, fuglalíf og hreindýr á svæðinu.

## Þakkarorð

Margir lögðu Náttúrustofunni lið við rannsóknir 2007. Náttúrustofan og einkum Egilsstaðaútibú átti ennfremur afar ánægjulegt samstarf við Jóhann Guttorm Gunnarsson starfsmann Umhverfisstofnunar svo og Hreindýraráð og sér í lagi Hákon Hansson formann þess. Ýmsir lögðu stofunni lið við hreindýrarannsóknir en helst ber að nefna Reimar Ásgeirsson, Svein Ingimarsson og Sævar Guðjónsson. Flugmenn í flugtalningum voru Sveinn Ingimarsson, Jón Egill Sveinsson og Halldór Bergsson. Margir leiðsögumenn með hreindýraveiðum og aðrir veittu Náttúrustofunni upplýsingar um hagagöngu hreindýra. Náttúrustofan vill einnig þakka öllum sem lögðu Náttúrugripasafninu lið við flutning og uppsetningu nýs húsnæðis bestu þakkir, og hvetur alla til þess að heimsækja þetta glæsilega safn. Síldarvinnslunni eru einnig færðar þakkir fyrir veglegan styrk sem Náttúrugripasafnið fékk. Öllum sem lögðu stofunni lið er hér með þakkað kærlega fyrir.

Hálf dán Haraldsson, Helgi Hallgrímsson og Hjörleifur Guttormsson voru sem fyrr velgjörðamenn og sérstakir velunnarar stofunnar.



## Skýrslur og fræðsluefni

Árið 2007 komu eftirfarandi skýrslur út:

77. Gróðurfar á Bakka við Húsavík. Neskaupstað, nóvember 2007
76. Gróðurfar á Skógargerðismel ofan Húsavíkur. Neskaupstað, nóvember 2007
75. Staða hreindýrarannsóknna á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar 2007  
Egilsstaðir, nóvember 2007
74. Gróðurfar og fuglalíf við Hverfisfljót. Neskaupstað, október 2007
73. Gróðurrannsóknir við Kringilsárrana. Neskaupstað, febrúar 2007
72. Field work activities by Náttúrustofa Austurlands in 2006 External  
Environmental Monitoring. Neskaupstaður, febrúar 2007
71. Kárahnjúkavirkjun. Fallryksmælingar við Háslón og í byggð sumarið 2006  
Neskaupstaður, febrúar 2007

## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Fjarðabyggð • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: [na@na.is](mailto:na@na.is)  
Miðvangi 2 • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 • Netfang: [skarphedinn@na.is](mailto:skarphedinn@na.is)